

Ágæti félagsmaður,

## Sauðfjársláturtíð

Sauðfjársláturtíð er hafin og annasamar vikur framundan. Upplýsingar um sláturáætlun, innleggsverð, heimtöku ofl. má finna á heimasíðu SS:

<https://www.ss.is/saudfe-afurdaverd/>

Yfirborgunum í upphafi sláturtíðar var breytt og þær auknar. Þetta hefur skilað þeim árangri að fyrstu vikurnar eru fullbókaðar en aðeins vantar inn á viku 40.

Vel hefur gengið að manna starfsemina en alltaf áskorun að þjálfa margt nýtt fólk í byrjun.

Það veldur örugglega einhverjum harmi en ákveðið hefur verið að hætta að bjóða kalónaðar vambir með slátri. Magnið var of lítið til að réttlæta störfin sem þurfti við þetta. Svokallaðir próteinkeppir koma í staðinn.

Áætlað er að flytja út um 200 tn af kjöti sem eru helst úrbeinuð slög, afskurður og fita sem ekki er markaður fyrir innanlands.

Sala á gærum gengur illa. Töluvert er óselt af gærum sem falla til í haust og nokkur verðlækkun frá fyrra ári. Ákveðið hefur verið að henda hvítum gærum af ám og gærum sem flokkast í annan flokk til að setja ekki kostnað í gærunum sem munu litlu eða engu skila. Áætla má að með þessu verði um 15% af gærunum haustsins hent.

Frá síðustu sláturtíð hefur verið skipt um eimsvala („kondenser“) frystikerfisins á Selfossi sem tryggir aukna og betri frystingu og minni vatnsnotkun. Þessi fjárfesting var um 20 mkr. án vsk.



*Nýr vatnssparandi eimsvali sem eykur afköst frystibúnaðar*

Jafnframt hefur verið keyptur nýr fullkominn gripaflutningavagn sem getur flutt um 400 dilka og eftir sláturtíð stórgripi á tveimur hæðum. Vagninn er einkum hugsaður til að lækka flutningskostnað á lengri leiðum. Vagninn kostaði um 27 mkr. án vsk.

Einnig hefur aðal flutningabifreið félagsins, sem flytur kjöt frá Selfossi til bæði SS á Hvolsvelli og til viðskiptavina í Reykjavík ofl., verið endurnýjuð. Kassinn er sérstaklega styrktur til að geta borið mikla þyngd á kjötbrautum. Fjárfestingin var um 31 mkr. án vsk.



*Nýi gripabíllinn á akstri. Þessi glæsilega mynd verður notuð í auglýsingaefni framleiðanda vagnsins*



*Nýr flutningbíll með kælíbúnaði og kjötbrautum til að tryggja gæði alla leið*



## Rekstur samstæðu SS fyrri hluta 2024

Samstæða SS samanstendur af sameiginlegum rekstri SS og dótturfélaga SS Reykjagarði og Holtt og Gott.

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður var afkoma samstæðunnar góð og betri en fyrra ár. Sjá nánar:

<https://www.ss.is/afkoma-a-fyrri-arshelmingi-2024/>

Félagsmenn njóta þess að SS er mjög traust félag og hefur burði til frekari uppbyggingar.

### Hækkuð viðbót á afurðaverð til bænda

Janúar til mars á þessu ári var greidd 5% viðbót á allt afurðainlegg til félagsins.

Er rekstrarhorfur ársins skýrðust og stöðug afkoma félagsins var ákveðið að hækka viðbótina frá og með 1. apríl úr 5% í 8% og halda þeirri viðbót út árið. Janúar til júní greiddi félagið með þessum hætti 44 mkr. til bænda sem viðbót sem er hækkun um 19 mkr. frá fyrr ári.

Áætlað er að heildarviðbót ársins 2024 verði um 200 mkr. sem verður hækkun um 80 mkr. frá fyrra ári og meira en nokkurn tíman hefur verið greitt.

Stefna félagsins er skýr og er að greiða samkeppnishæft innleggsverð og skila hluta af afkomu félagsins sem viðbót á afurðaverð.

### Breyting á búvörulögum og samþjöppun á Norður- og Austurlandi

Það hefur varla farið fram hjá neinum að búvörulögum var breytt í vor og afurðafyrirtækjum í kjöti, sem starfa sem

framleiðendafélög, gefin víðtæk heimild til samruna, samstarfs og verkaskiptingar með ákveðnum skilyrðum þó.

Skömmu síðar fréttist að KS hefði keypt meirihluta í Kjarnafæði/Norðlenska. Þar með er um 80% sauðfjárslátrunar, um 65% nautgripaslátrunar og um 50% hrossaslátrunar í landinu á hendi KS og félags í þess eigu.

Til langs tíma hafa verið mörg afurðafyrirtæki á Norðurlandi og margar afurðastöðvar. Ef sama fyrirkomulag hefði verið á Suðurlandi er nokkuð víst að ekki væri búið að sameina allt nema sláturhúsið á Hellu í eina stöð á Selfossi.

Bændur vilja herra verð og neytendur vilja lægra verð. Það eru mörg góð rök með innlendri landbúnaðarframleiðslu og vernd hennar sem þýðir að neytendur borga beint og óbeint meira fyrir innlendar landbúnaðarvörur en hægt væri að flytja inn svipaðar vörur á.

Það er hins vegar auðvelt að átta sig á því að það er ekki mikill vilji til þess að bændur fái lægra verð og neytendur herra verð vegna þess að afurðastöðvar eru of margar og illa nýttar. Ef ekki er tekið til í rekstri og fjölda afurðastöðva þá leiðir lægra verð til minni vilja bænda til framleiðslu og herra verð til þess að neytendur velja frekar innflutta vöru.

Það verður að skoða þessar miklu breytingar í ljósi þess að samkeppnin er í auknum mæli að verða við innfluttar vörur og landbúnað annarra landa.

Það má búast við fækkun afurðastöðva á Norðurlandi á næstu árum og að meiri landfræðileg skipting verði innan landsins sem mun þá færa SS meira innlegg af Vesturlandi. Enda hvorki gott m.t.t.



dýravelferðar, kolefnisspors né ástands vega að keyra sláturdýr lengra en þarf.

Til að SS geti nýtt sér heimild í breyttum búvörslögum til verkaskiptingar og/eða samstarfs við aðrar afurðastöðvar þá verður að setja inn í 3. gr. samþykktu okkar að félagið starfi sem framleiðendafélag. SS er framleiðendafélag svo þetta er breyting á formi frekar en efni. Í stað hefðbundins deildarstjórafundar í desember verður boðaður félagsfundur 6. desember þar sem þessi tillaga verður lögð fram.

### Ný afurðastöð SS

Parfaggreining og skoðun á helstu valkostum eru í vinnslu. Hönnunarhópur starfsfólks SS fór í heimsókn til Noregs í byrjun júní og fékk að skoða tvær stórar stöðvar í eigu Nortura, sem er í eigu bænda og leiðandi á norska markaðnum. Okkur var mjög vel tekið og margt af Norðmönnum að læra.

Miklu skiptir að finna réttar útfærslur sem skila árangri til lengri tíma. Að sama skapi þarf að gæta vel að arðsemi fjárfestinga og fara ekki lengra en þarf hverju sinni.

Stefnan er að hanna framtíðarstöð en byggja hana í áföngum. Byggja fyrst stórgripahúsið og úrbeiningu en nota núverandi húsnæði þ.m.t. sauðfjársláturhúsið næstu 10-15 árin.

### Óbreytt verð á kúafóðri og áburðarsala

SS hefur fest verð á fóðri til lengri tíma og getur þess vegna tryggt bændum óbreytt verð á fóðri a.m.k. næstu 6 mánuði. Í því fellst að SS tekur á sig gengisáhættu ef gengi íslensku krónunnar veikist.

Mest selda kúablandan, SS-16, kostar nú með 7% afslætti m.v. magnsamning 92.284,-/tn auk vsk og hefur það verð verið óbreytt í heilt ár.

Sjá nánar á:

<https://www.buvorur.is/fodur-nautgripir/>



Áburður lækkaði nokkuð milli ára, sem var ánægjulegt, enda einn stærsti kostnaðarliður bænda. SS jók sölu á Yara áburði og er með leiðandi stöðu á markaði. Æ fleiri bændur sjá sér hag í því að kaupa Yara hágæða einkorna áburð og fá þannig góða uppskeru af hágæða gróffóðri.

Það er of snemmt að segja til um hvernig eða hvort verð á áburði breytist fyrir næstu vertíð.



### Staðan á kjötmarkaði

Nýjustu upplýsingar um framleiðslu og sölu til loka júlí liggja fyrir í Mælaborði landbúnaðarins. Yfir 12 mánuði er lítil breyting á innlendri framleiðslu fyrir utan 3% samdrátt í kindakjöti.

Sala dróst saman um hátt í 10% í kinda- og hrossakjöti en jókst lítils háttar í öðrum kjöttegundum. Í heild er engin breyting á innlendri kjötsölu yfir 12 mánaða tímabil.

Mikill samdráttur í sölu kindakjöts er verulegt áhyggjuefni. Ef sala minnkar meira en framleiðsla þá þarf að flytja meira úr landi en áður og ef það er ekki gert þá verður



offramboð sem leiðir að lokum til verðlækkunar.

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	967,146	2,646,557	9,977,713	18.0 %	3.6 %	3.0 %
Hrossakjöt	32,369	82,065	934,407	35.2 %	15.2 %	-2.3 %
Kindakjöt	0	1,151	8,402,919		175.7 %	-3.0 %
Nautgripakjöt	370,416	1,123,208	4,931,258	4.2 %	-2.8 %	1.9 %
Svínakjöt	628,049	1,736,008	6,507,883	18.7 %	5.9 %	0.4 %
<b>Samtals</b>	<b>1,997,980</b>	<b>5,588,989</b>	<b>30,754,180</b>	<b>15.6 %</b>	<b>3.1 %</b>	<b>0.4 %</b>

### Framleiðsla til loka júlí 2024

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	944,411	2,604,874	9,871,433	21.2 %	3.6 %	5.3 %
Hrossakjöt	30,919	77,317	556,814	144.4 %	68.9 %	-9.8 %
Kindakjöt	450,511	1,189,863	6,337,585	23.2 %	-3.6 %	-9.7 %
Nautgripakjöt	384,179	1,139,437	4,940,886	5.7 %	4.8 %	3.9 %
Svínakjöt	627,860	1,735,271	6,512,594	20.1 %	6.2 %	0.6 %
<b>Samtals</b>	<b>2,437,880</b>	<b>6,746,762</b>	<b>28,219,312</b>	<b>19.3 %</b>	<b>3.6 %</b>	<b>-0.1 %</b>

### Sala til loka júlí 2024

## Vöruþróun & nýjungar

Vöruþróunarhópur SS vinnur ötullega að þróun nýrra vara til að mæta óskum neytenda.

Í vor kom á markað ný skinka, sannkölluð úrvalsvara, úr lærvöðva með 95% kjöthlutfalli. Pakkningin er 180 gr sem hentar mörgum vel og lækkar pakkaverð m.v. þyngri pakkningar á markaði.



Hvítlauks- og piparlegnar lambabógsneiðar voru settar á markað í vor. Sneiðarnar eru nýr ódýrari valkostur úr dilkakjöti á grillið. Salan hefur gengið vel og reiknað er með að þessi vara verði á markaði í vetur.



Næstu daga fer á markað ný vara í 1944 vörulínunni sem við höfum mikla trú á. Grísaland með rjómasveppasösu og kartöflugratíni er mjög góð vara á sanngjörnu verði.





SS rauðvínssalami hefur verið lengi á markaði og selst vel. Nú fer rauðvínssalami á markað í sneiðum. Varan hentar vel á pizzur, samlokur, í salöt og ostapinna eða ein og sér.



## Starfsfólkið á bak við SS

Jón Þorsteinsson, kallaður Jonni, hóf störf hjá SS í sláturhúsinu í Vík haustið 1986 og vann þar öll haust til ársins 1994. Eftir það í tvær sláturtíðir á Kirkjubæjarklaustri. Einnig aðstoðaði Jonni síðar við fláningu á Selfossi er á þurfti að halda í nokkur haust. Jonni er rammur að afli og fann lítið fyrir erfiðu fláningsstarfi.

Haustið 1996 hóf Jonni nám í kjötiðnaði hjá SS og útskrifaðist sem kjötiðnaðarmaður í byrjun árs árið 2000 og lauk svo meistaraþrófi í kjötiðnaði fjórum árum síðar.

Jonni tók fljótlega við stjórnunarstörfum hjá SS. Fyrst sem flokkstjóri og svo sem verkstjóri. Jonni er öðrum betri í vörubröun og hefur oft leitt þá starfsemi innan kjötiðnaðar SS. Jonni hefur orðið Kjötmeistari Íslands þrisvar sinnum og þess utan unnið til fjölda verðlauna í fagkeppnum.

Áhugamál Jonna eru mörg. Vörubröun og nýjungar eru hans hjartans mál svo og hestamennska, fjallaferðir og samvera með fjölskyldunni,

Jonni er einn af um 350 starfsmönnum sem SS byggir á.



Jón Þorsteinsson verkstjóri í einni af mörgum fjallaferðum sínum.

Með kveðju,  
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinhólfur Skúlason